

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella


Reykjavík 7. janúar 2019
UST201812-122/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Þjóðólfshagi – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Þjóðólfshaga í Rangárþingi ytra.


Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið tekur til níu lóða á um 55 ha landspildu, Þjóðólfshaga 1, lóð 2 sem er skilgreint sem landbúnaðarland samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Í gildi er eldra deiliskipulag á svæðinu fyrir þrjár lóðir sem fellur úr gildi við gildistöku þessa skipulags. Einnig kemur fram að innan byggingarreits á hverri lóð er hægt að byggja íbúðarhús, bílskúr, gestahús og útihús/skemmu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og að vistgerðunum verði ekki raskað.



Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur